

Persónuverndarstefna Retor

Persónuverndarstefna Retor er byggð á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Retor og starfsmenn skólans skulu leitast við að fylgja í öllu þeirri löggjöf og ekki vinna með persónuupplýsingar ef heimild til slíkrar vinnslu er ekki til staðar. Retor er ábyrgðaraðili þeirra upplýsinga sem unnið er með nema annað sé tekið fram.

Retor sér til þess að starfsfólk skólans er reglulega upplýst um gildandi lög og reglugerðir er snúa að persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, persónuverndarstefnu Retors og leiðbeiningar fyrir starfsfólk, sem henni fylgja. Samhliða fá starfsmenn þjálfun í því hvernig meðhöndla skuli persónuupplýsingar.

Við vinnslu og vörslu viðkvæmra persónuupplýsinga skal gæta ítrustu varúðar. Viðkvæmar persónuupplýsingar eru skilgreindar í 3 tl. 1. mgr. 3. gr. áðurnefndra laga. Í leiðbeiningum fyrir starfsfólk er farið ítarlega yfir hvað telst til viðkvæmra persónuupplýsinga.

Retor leitast við að öryggi persónuupplýsingar sé tryggt með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum sem hindri ólögsmæta vinnslu og því að gögn glatist eða breytist fyrir slysi. Retor mun tilkynna persónuvernd um öryggisbresti. Einnig mun skólinn tilkynna skráðum einstaklingum um slík tilvik.

Ekki er unnið með persónuupplýsingar nema þegar það er nauðsynlegt, nema þegar slíkt er heimilt eða skylt skv. lögum. Þá eru persónuupplýsingar varðveittar á formi sem tryggir að ekki sé unnt að persónugreina skráðan einstakling lengur en þörf er á í samræmi við tilgang vinnslu upplýsinganna.

Ef Retor þarf að miðla persónuupplýsingum til utanaðkomandi aðila ber skólanum að gæta þess að viðeigandi öryggisráðstafanir séu til staðar.

Einstaklingur getur skv. lögum átt rétt á aðgangi eða afriti af þeim persónuupplýsingum sem Retor hefur um hann. Slíkar upplýsingar verða veittar óski hann eftir þeim. Einstaklingur sem óskar eftir slíkum upplýsingum skal undirrita eyðublað og framvísa gildum persónuskilríkjum.

Í ákveðnum tilvikum getur einstaklingur einnig átt rétt á því að persónuupplýsingum um hann verði eytt eða vinnsla þeirra takmörkuð. Þá á einstaklingur rétt á því að fá persónuupplýsingar sínar leiðréttar séu þær rangar. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingur fer fram á að upplýsingum sé eytt eða leiðréttar þarf hann einnig að undirrita eyðublað og framvísa gildum persónuskilríkjum.

Ef þriðji aðili óskar eftir upplýsingum fyrir hönd einstaklings, fer fram á eyðingu eða leiðréttingu á slíkum upplýsingum skal hann hafa skýrt undirritað umboð um heimild hans til þess að fá upplýsingarnar afhentar.

Lykilstjórnendur skólans aðstoða einstaklinga ef einhverjar spurningar eru varðandi persónuverndarstefnu skólans.

Kópavogur
26. ágúst 2021

Leiðbeiningar fyrir starfsfólk og nemendur Retor

Eftirfarandi leiðbeiningum er ætlað að upplýsa starfsfólk og nemendur um það hvaða upplýsingum Retor safnar um nemendur sína og hvernig er farið með þær upplýsingar. Þá er leiðbeiningunum ætlað að upplýsa starfsfólk nánar um hvaða reglur gilda um vinnslu persónuupplýsinga.

Hvað eru Persónuupplýsingar?

Upplýsingar eru persónuupplýsingar ef þær **auðkenna tiltekin einstakling eða hægt væri að nota þær til að persónugreina tiltekinn einstakling.**

Hvenær er vinnsla persónuupplýsinga heimil?

Vinnsla persónuupplýsinga er heimil í eftirfarandi tilvikum:

Hinn skráði hafi gefið samþykki sitt fyrir vinnslu á persónuupplýsingum sínum í þágu eins eða fleiri tiltekinna markmiða;

- vinnslan sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður;
- vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila;
- vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða eða annars einstaklings;
- vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili fer með;
- vinnslan sé nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna sem ábyrgðaraðili eða þriðji maður gætir nema hagsmunir eða grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem krefjast verndar persónuupplýsinga vegi þyngra, einkum þegar hinn skráði er barn.

Hvenær eru upplýsingar viðkvæmar persónuupplýsingar?

Eftirfarandi upplýsingar teljast til viðkvæmar persónuupplýsingar:

- Kynþáttur, þjóðernislegur uppruni, stjórnámálaskoðanir, trúarbrögð, lífsskoðun eða aðild að stéttarfélagi.
- Heilsufarsupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða líkamlegt eða andlegt heilbrigði einstaklings, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu sem hann hefur fengið, og upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
- Upplýsingar um kynlíf manna og kynhneigð.
- Erfðafræðilegar upplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða arfgenga eða áunna erfðaeiginleika einstaklings sem gefa einkvæmar upplýsingar um lífeðlisfræði eða heilbrigði einstaklingsins og fást einkum með greiningu á líffræðilegu sýni frá viðkomandi einstaklingi.
- Lífkenauupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem fást með sérstakri tæknivinnslu og tengjast líkamlegum, lífeðlisfræðilegum eða atferlisfræðilegum eiginleikum einstaklings og gera það kleift að greina eða staðfesta deili á einstaklingi með ótvíræðum hætti, svo sem andlitsmyndir eða gögn um fingraför, enda sé unnið með upplýsingarnar í því skyni að persónugreina einstakling með einkvæmum hætti.

Lykilstjórnendur skólans aðstoða einstaklinga ef einhverjar spurningar eru varðandi persónuverndarstefnu skólans.